

sonar, en þar sem eigi verður haggð við úrskurði þessum í þessu máli, eins og áður er tekið fram, hlýtur niðurstaðan að verða sú, að skiptagjörðina 6. nóv. f. á. ber að staðfesta að öllu leyti. Eftir atvikum virðist málskostnaður mega falla niður.

Því dæmist rjett að vera :

Hin áfrýjaða skiptagjörð 6. nóv. 1893 á öröskuð að vera. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 39/1894: Olafur Halldórsson og Páll Hafliðason
 gegn
 Einari Magnússyni.

D ó m u r :

Hinn 18. dag maímánaðar 1894 fór Ásmundur Sveinsson í umboði Páls Hafliðasonar þess á leit við sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem fógeta, að hann bæri stefnda Einar Magnússon út af ábýlisjörð sinni, en eignarjörð Páls Hafliðasonar Skrauthólum. Með úrskurði 13. júní 1894 neitaði fógétinn að framkvæma umbeðna útburðargjörð. Hefur nú Ásmundur Sveinsson fyrir hönd Olafs Halldórssonar og Páls Hafliðasonar áfrýjað þessum úrskurði til landsyfirdómsins, og hefur hann mætt hjer við rjettinn við fyrstu fyrirtekt sakarinnar, án þess að hafa fengið löggildingingu til þess samkvæmt fyrirælum í 22. gr. tilsk. 11. júlí 1800. Það verður því að frávísa málinu, eins og stefndi einnig hefur krafzt, þótt sækjandi Páll Hafliðason hafi mætt sjálfur í rjettinum við seinni fyrirtekt þess. Eftir þess-

um úrslitum verða Páll Hafliðason og Ólafur Halldórs-
son að greiða stefnda samkvæmt kröfu hans kost og
tæring, er skal ákveðið 12 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Páll Haf-
liðason frá Skrauthólum og Ólafur Halldórsson á
Tindstöðum greiði stefnda, Einari Magnússyni, í
kost og tæring 12 kr., er lúkist innan 8 vikna frá
lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.
